



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

Forvarnardagurinn 2015 **FORSETI HEIMSÆKIR SKÓLA Á AKRANESI OG Í BREIÐHOLTI**

Forseti Ísland Ólafur Ragnar Grímsson mun á morgun, föstudaginn 2. október, heimsækja skóla á Akranesi og í Breiðholti og taka þátt í dagskrá nemenda á Forvarnardeginum sem haldinn er í grunnskólum og framhaldsskólum um allt land. Heimsókn forseta í Brekkubæjarskóla á Akranesi hefst kl. 09:00 og síðan mun forseti heimsækja Fjölbrautaskóla Vesturlands og hefst dagskráin þar kl 10:30. Forseti mun síðan heimsækja Fjölbrautaskólann í Breiðholti kl. 13:30 og ræða þar við nemendur eins og gert verður í skólunum á Akranesi um mikilvægi forvarna í baráttunni gegn fíkniefnum.

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands og aðstandendur hans eru auk forsetaembættisins Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Félag íslenskra framhaldsskóla og Rannsóknir og greining. Forvarnardagurinn er skipulagður með stuðningi lyfjafyrirtækisins Actavis.

01.október 2015

Nánari upplýsingar veita Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri Forvarnardagsins (863 3631), skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Ragna Þórhallsdóttir deildarstjóri (861 2596).